

REGLUGERÐ

um beitingu dagsekta sem Jafnréttisstofa ákveður.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um beitingu Jafnréttisstofu á dagsektum gagnvart eftirlitsskyldum aðila samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, eða reglugerðum settum samkvæmt þeim. Eftirlitsskyldir aðilar samkvæmt lögnum eru: stofnun, fyrirtæki eða félagasamtök.

Jafnréttisstofa getur lagt dagsektir á eftirlitsskyldan aðila sem brýtur gegn:

1. 5. mgr. 4. gr., um skyldu til að láta Jafnréttisstofu í té upplýsingar og gögn sem hún telur nauðsynleg til að upplýsa um málsatvik innan hæfilegs frests, hafi hún rökstuddan grun um brot á lögnum og er að kanna hvort ástæða sé til að óska eftir því að kærunefnd jafnréttismála taki málið til meðferðar.
2. 6. mgr. 4. gr., um skyldu til að verða við fyrirmælum Jafnréttisstofu um að grípa til viðunandi úrbóta til samræmis við úrskurð kærunefndar jafnréttismála innan hæfilegs frests.
3. 5. mgr. 18. gr., um skyldu til að verða við fyrirmælum Jafnréttisstofu um að gera viðunandi úrbætur innan hæfilegs frests hvað varðar skyldu til að setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína eða það sé mat Jafnréttisstofu að jafnréttisáætlun sé ekki viðunandi eða jafnréttissjónarmið hafi ekki verið samþætt í starfsmannastefnu með nægilega skýrum hætti, sbr. 4. mgr. 18. gr. Jafnframt ef aðili lætur hjá líða að afhenda Jafnréttisstofu afrit af jafnréttisáætlun, eða starfsmannastefnu sinni ef jafnréttisáætlun er ekki fyrir hendi, ásamt framkvæmdaáætluninni þegar Jafnréttisstofa óskar eftir því eða ef aðili neitar að afhenda Jafnréttisstofu skýrslu um framgang mála, sbr. 3. mgr. 18. gr.
4. 8. mgr. 19. gr., um skyldu til að verða við fyrirmælum Jafnréttisstofu um að gera viðunandi úrbætur innan hæfilegs frests hvað varðar skyldu til að öðlast vottun skv. 4. mgr. 19. gr. eða staðfestingu skv. 5. mgr. 19. gr., og endurnýjun þar á. Jafnframt hvað varðar skyldu til að veita samtökum aðila vinnumarkaðarins nauðsynlegar upplýsingar og gögn samkvæmt 2. málsl. 8. mgr.

2. gr.

Krafa gerð um úrbætur

Ef í ljós kemur að eftirlitsskyldur aðili, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar þessarar, fylgir ekki lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, skal Jafnréttisstofa krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests.

3. gr.

Úrbótum lokið

Úrbótum telst lokið þegar Jafnréttisstofa hefur staðfest móttöku greinargerðar frá eftirlitsskyldum aðila og stofan metur ráðstafanir fullnægjandi sem gerðar hafa verið til að fylgja eftir ákvörðun Jafnréttisstofu. Nú eru úrbætur ekki fullnægjandi og telst þeim þá ekki lokið innan frests sem gefinn var skv. 2. gr.

4. gr.

Ákvörðun um dagsektir.

Jafnréttisstofu er heimilt að leggja dagsektir á eftirlitsskyldan aðila veiti hann ekki umbeðnar upplýsingar eða umbeðin gögn eða sinnir ekki fyrirmælum Jafnréttisstofu um að gera viðunandi úrbætur innan hæfilegs frests, sbr. 2. mgr. 1. gr. Dagsektir gilda frá þeim degi sem þær eru ákvarðaðar og fram að þeim degi sem skyldu er fullnægt að mati Jafnréttisstofu.

Nr.

XX.XX. 2019

Jafnréttisstofa leggur dagsektir á eftirlitsskyldan aðila með sérstakri ákvörðun. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynna bréfllega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að án ástæðulausra tafa. Aðila sem ákvörðun um dagsektir beinist að skal gefinn kostur á að koma að skriflegum andmælum áður en Jafnréttisstofa tekur ákvörðun skv. 1. mgr.

5. gr.

Fjárhæð dagsekta.

Dagsektir geta numið allt að kr. 50. 000 á dag frá þeim degi sem þær eru ákvarðaðar og fram að þeim degi sem skyldunni er fullnægt að mati Jafnréttisstofu. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal meðal annars líta til fjölda starfsmanna fyrirtækis, stofnunar eða félagasamtaka og hversu umsvifamikill viðkomandi rekstur er.

6. gr.

Kæruheimild.

Nú vill aðili ekki una ákvörðun Jafnréttisstofu um dagsektir og getur hann þá kært hana til þess ráðherra sem fer með jafnréttismál samkvæmt 10. mgr. 4. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, og VII. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Ráðuneytið skal kveða upp úrskurð eins fljótt og unnt er frá því að kæra barst til úrskurðar. Kæra til ráðherra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar skv. 2. mgr. 4. gr., sbr. þó 2. mgr. 7. gr. reglugerðar þessarar.

7. gr.

Fullnusta dagsekta

Dagsektir eru aðfararhæfar og renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Kæra til ráðherra eða málshöfðun fyrir almennum dómstólum frestar aðför.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 33. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytinu, x. x 2019.

Katrín Jakobsdóttir
forsætisráðherra

Ragnhildur Arnljótsdóttir.